

Knattspyrnudeild Breiðabliks

Ársreikningur 2020

Knattspyrnudeild Breiðabliks
Kt. 410284-1389-2659
Dalsmára 5
201 Kópavogur

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4-5
Áritun skoðunarmanna	6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10-11

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Knattspyrnudeildar Breiðabliks fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Aðalsstarfssemi Knattspyrnudeildar Breiðabliks snýr að rekstri meistaraflokka karla og kvenna ásamt öflugum unglunga og afreksstarfi

Hagnaður Knattspyrnudeildar Breiðabliks á árinu 2020 nam kr. 13.471.955. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 120.021.479 og bókfært eigið fé í árslok 2020 er kr. 26.651.597. Eiginfjárlutfall félagsins er 22%

Stjórn Knattspyrnudeildar Breiðabliks vísar í ársreikninginn varðandi breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Það er álit stjórnar knattspyrnudeildar og framkvæmdastjóra Breiðabliks að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn knattspyrnudeildar og framkvæmdastjóri Breiðabliks staðfesta hér með ársreikning félagsins 2020 með undirritun sinni.

Kópavogi 19 febrúar 2021

Stjórn

Orri Hlöðversson - formaður
(rafræn undirritun)

Helgi Aðalsteinsson - varaformaður
(rafræn undirritun)

Halldór Arnarsson - gjaldkeri
(rafræn undirritun)

Flosi Eiríksson - ritari
(rafræn undirritun)

Bjarni Bergsson - formaður mflr. Karla
(rafræn undirritun)

Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir - formaður mflr. Kvenna
(rafræn undirritun)

Jóhann Þór Jónsson - formaður unglingaráðs
(rafræn undirritun)

Framkvæmdastjóri

Eysteinn Pétur Lárusson
(rafræn undirritun)

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Knattspyrnudeildar Breiðabliks

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Knattspyrnudeildar Breiðabliks fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Ungmennafélaginu Breiðabliki í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Knattspyrnudeildarinnar.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð of framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar. Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík 19 febrúar 2021

Endurskoðun VSK ehf

Svavar G. Stefánsson
endurskoðandi

Jón Þ Hilmarsson
endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn ársreikninga Knattspyrnudeildar Breiðabliks, höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning ársins 2020 og ekkert athugavert fundið. Við leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur

Kópavogi 19 febrúar 2021

Jóhann Geir Harðarson

Sigurjón Valdimarsson

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýringar	2020	2019
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir		100.045.714	68.548.563
Styrkur frá Kópavogsbæ		5.276.879	5.562.340
Tekjur af mótum		99.443.782	115.019.444
Æfingagjöld		122.726.107	115.713.521
Félagsskiptatekjur		83.833.246	95.518.687
Aðrar tekjur		34.024.871	50.960.299
		<u>445.350.599</u>	<u>451.322.854</u>
Rekstrargjöld			
Þjálfun, leikmenn og yfirstjórn		319.905.638	294.884.132
Búningar og íþróttahöld		5.875.284	5.610.043
Þátttaka í mótum		53.848.761	76.455.741
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		21.421.092	30.494.633
Annar rekstarkostnaður		36.214.837	31.204.026
Afskriftir	3	<u>642.130</u>	<u>642.130</u>
		<u>437.907.742</u>	<u>439.290.705</u>
Rekstrarhagnaður		7.442.857	12.032.149
Fjármagnsliðir		6.029.098	(581.598)
Hagnaður ársins		<u><u>13.471.955</u></u>	<u><u>11.450.551</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýringar	31.12.2020	31.12.2019
Fastafjármunir			
Áhöld og tæki	3	2.983.725	3.625.855
Leikmenn		<u>16.866.667</u>	<u>7.900.000</u>
		19.850.392	11.525.855
Veltufjármunir			
Krafa á Aðalstjórn		51.752.466	21.811.625
Viðskiptakröfur	4	9.363.933	20.710.064
Handbært fé	4	<u>39.054.688</u>	<u>29.351.134</u>
		100.171.087	71.872.823
Eignir samtals		<u>120.021.479</u>	<u>83.398.678</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	5		
Eigið fé 1.1		3.879.642	(8.570.909)
Uppfærðir leikmannasamningar		9.300.000	1.000.000
Rekstrarniðurstaða ársins		<u>13.471.955</u>	<u>11.450.551</u>
		26.651.597	3.879.642
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	6	39.204.628	23.209.783
Fyrirframinnheimtar tekjur		47.000.000	52.000.000
Aðrar skammtímaskuldir	6	<u>7.165.254</u>	<u>4.309.253</u>
		93.369.882	79.519.036
Skuldir samtals		93.369.882	79.519.036
Eigið fé og skuldir samtals		<u>120.021.479</u>	<u>83.398.678</u>

Sjóðstreymi ársins 2020

	Skýringar	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar)			
Hagnaður ársins		13.471.955	11.450.551
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	3	642.130	642.130
		<u>14.114.085</u>	<u>12.092.681</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur		11.346.131	11.834.724
Fyrirframmgreiddur kostnaður		0	558.000
Aðrar skammtímakröfur		(29.940.841)	(11.388.054)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		13.850.846	14.378.506
		<u>(4.743.864)</u>	<u>15.383.176</u>
Handbært fé frá rekstri		9.370.221	27.475.857
Fjárfestingarhreyfingar			
Félagsskipti leikmanna		333.333	(1.775.000)
Kaup á fastafjármunum		0	(1.473.120)
		<u>333.333</u>	<u>(3.248.120)</u>
Breyting á handbæru fé		9.703.554	24.227.737
Handbært fé í byrjun ársins		29.351.134	5.123.397
Handbært fé í árslok		<u>39.054.688</u>	<u>29.351.134</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Knattspyrnudeild Breiðabliks rekur meistaraflokka karla og kvenna ásamt öflugum unglunga og afreksstarfi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur knattspyrnudeildarinnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning tekna

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Bifreið	Áhöld og innr.	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun	730.000	4.961.301	5.691.301
Eignfært á árinu		0	0
Staða í árslok	730.000	4.961.301	5.691.301
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	584.000	1.481.446	2.065.446
Afskrift ársins	146.000	496.130	642.130
Staða í árslok	730.000	1.977.576	2.707.576
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun	146.000	3.479.855	3.625.855
Bókfært verð í árslok	0	2.983.725	2.983.725
Afskriftarhlutföll	20%	20%	

Skýringar

4. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2020	31.12.2019
Innlendar viðskiptakröfur	9.997.982	8.223.937
Erlendar viðskiptakröfur	2.343.951	12.486.127
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(2.978.000)	0
	<u>9.363.933</u>	<u>20.710.064</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2020	31.12.2019
Bankareikningar í íslenskum krónum	29.532.042	17.679.000
Bankareikningar í erlendri mynt	9.522.646	11.672.134
	<u>39.054.688</u>	<u>29.351.134</u>

5. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Leikmanna samningar	Samtals
Eigið fé 1.1.2019	(8.570.909)		(8.570.909)
Uppfærsla leikmannasamninga		1.000.000	1.000.000
Hagnaður/(tap) ársins	11.450.551		11.450.551
Flutt á eigið fé	1.000.000	(1.000.000)	0
Eigið fé 1.1.2020	3.879.642	0	3.879.642
Uppfærsla leikmannasamninga		3.100.000	3.100.000
Hagnaður/(tap) ársins	0	13.471.955	13.471.955
Eigið fé í árslok	<u>3.879.642</u>	<u>16.571.955</u>	<u>20.451.597</u>

6. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Innlendar viðskiptaskuldir	39.204.628	23.209.783
	<u>39.204.628</u>	<u>23.209.783</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Ógreidd laun og launatengd gjöld	6.280.151	3.703.268
Virðisaukaskattur	885.103	605.985
	<u>7.165.254</u>	<u>4.309.253</u>